

Hryðjuverkamaður eða frelsishetja? Átök Rússa og Tsjetsjena í Tsjetsjeníu

Arnar Þór Másson
stjórnmálafræðingur

1. tbl. 1. árg. 2005
Erindi og greinar



Til er máltæki sem hljómar þannig að sjaldan valdi einn þá er tveir deila. Sé litið til upplýsinga frá Rússlandi um átök milli Rússa og Tsjetsjena í Tsjetsjeníu lítur út fyrir að hryðjuverkamenn hafi tekið sér bólfestu í Rússlandi í óþökk stjórnvalda og almennings og eina leiðin til þess að vinna á vandanum sé að beita hörðu og vonast eftir fullnaðarsigri. Stjórnvöld í Moskvu hafa afskrifað tsjetsjenska skæruliða sem samningsaðila, að sögn vegna gíslatökumála og sprengjutilræða sem unnin hafa verið í þeirra nafni á síðustu árum. En er málið svo einfalt? Eiga stjórnvöld í Rússlandi einhverja sök á því hvernig málin hafa þróast í Tsjetsjeníu? Í þessari grein verður leitast við að skýra undirliggjandi orsakir átakanna, rakið hvernig þau hafa þróast og reynt að meta hvort líklegt sé að lausn finnist í nánustu framtíð.

Forsagan

Tsjetsjenar, sem eru um ein milljón, hafa verið búsettir á Norður-Kákasussvæðinu í langan tíma og áttu heima þar löngu áður en Rússar komu þar til sögunnar. Í Norður-Kákasus voru einhverjir blóðugustu bardagar heimsvaldastefnu rússnesku keisaranna snemma á 19. öld er þeir reyndu að brjóta öfluga andspyrnu Tsjetsjena og fleiri þjóða á bak aftur. Til þessara átaka má rekja goðsögnina (bæði innan Tsjetsjeníu og annars staðar í Rússlandi) um Tsjetsjena sem hetjulega bardagamenn með óbilandi baráttuprek. Andspyrna Tsjetsjena var undir forystu trúarleiðtogans Imam Shamil. Shamil boðaði hófsama íslamstrú – en Tsjetsjenar eru múslimar – svokallaðan súfisma og var þannig í andstöðu við rússnesku rétrúnaðarkirkjuna. Þegar Rússar náðu loks að berjja niður andspyrnuna árið 1859 voru þessar trúarskoðanir bannaðar opinberlega. Segja má að allt frá þessum tíma hafi Tsjetsjenar verið valdhöfum í Moskvu óþægur ljár í þúfu þótt friður hafi ríkt inn á milli, bæði á tímum keisara- og sovétstjórnarinnar.

Árið 1922 er sjálfstjórnarhéraðið Tsjetsjenía stofnað innan Sovétríkjanna eftir nokkrar skærur og eins konar sjálfstæði Norður-Kákasushéraðanna á árunum 1917 til 1922, þegar Sovétríkin voru að verða til. Með stofnun sjálfstjórnarhéraðsins náðu bolsévíkar loks tökum á Norður-Kákasushéruðunum. Tsjetsjenía og nágrannahéraðið Ingúsetía voru síðan sameinuð í sjálfstjórnarhéraðið Tsjetsjeníu-Ingúsetíu árið 1934, en tungumál þjóðanna eru mjög lík. Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar fyrirskipaði Stalín að allir Tsjetsjenar og Ingúsetíumenn ásamt fleiri þjóðarbrotum skyldu fluttir frá Norður-Kákasus til Síberíu og Mið-Asíulýðveldi Sovétríkjanna. Var þessum þjóðum gefið að sök að hafa unnið með

Þjóðverjum í síðari heimsstyrjöldinni. Þessar fullyrðingar voru reyndar aldrei sannaðar og talið líklegt að um tylliástæðu hafi verið að ræða til þess að færa „ópægar þjóðir“ til innan Sovétríkjanna þangað sem meiri stöðugleiki ríkti. Tsjetsjenar aðlöguðust þó ekki á nýjum stað og má telja líklegt að þessar aðgerðir hafi styrkt þjóðernisvitund þeirra og sjálfsmynd sem fórnarlömb utanaðkomandi ógnar. Árið 1957 endurreisti Níkíta Khrushchev síðan sjálfstjórnarhéraðið Tsjetsjeníu-Ingúsetíu og fólkið fékk að flytja aftur til síns heima.

Tsjetsjenar lýsa yfir sjálfstæði

Árið 1991 þegar Sovétríkin eru að leysast upp er maður að nafni Dzhokhar Dudajev kjörinn forseti Tsjetsjeníu í nokkuð vafasömum kosningum. Tsjetsjenar lýsa yfir sjálfstæði frá Rússlandi og taka árið 1992 upp stjórnarskrá sjálfstæðrar Tsjetsjeníu. Rússar áttu í miklum vanda á þessum tíma, harðlínnumenn börðust um völdin við Jeltsín og efnahagslegt hrun landsins blasti við. Moskvustjórnin reyndi þó af veikum mætti að koma í veg fyrir þessa þróun mála með því að senda nokkra sérsveitarmenn til Tsjetsjeníu og lýsa yfir neyðarástandi þar. Sérsveitarmennirnir voru teknir höndum um leið og þeir komu til Tsjetsjeníu og sendir aftur til Moskvu í rútum og þótti ferðin mikil sneypuför. Segja má að Moskvustjórnin hafi gleymt Tsjetsjeníu um tíma vegna þess vanda sem blasti við í Rússlandi. Rússar samþykktu loks stjórnarskrá rússneska sambandsríkisins í lok árs 1993 sem veitti Jeltsín mikil völd. Stjórnarskráin var gerð í kjölfar sambandssáttmála við nær allar sambandseiningar landsins (89) árið 1992, fyrir utan Tatarstan og Tsjetsjeníu. Samkomulagið veitti sambandseiningunum mismikla sjálfstjórn eftir því í hve góðri samningstöðu þær voru. Þessir sambandssáttmálar voru grundvallaratriði fyrir stjórn Jeltsíns þar sem Rússland hefði allt eins getað liðast í sundur á þessum umbrotatímum. Tatarstan er inni í miðju Rússlandi og var Rússum mikið í mun að klára samninga við Tatarar þar sem sjálfstæði þeirra var talið geta skapað mikinn vanda, bæði vegna mikils fjölda Tatarar annars staðar í Rússlandi og efnahagslegrar þýðingar héraðsins fyrir Rússland, en einnig vegna þess mikla fjölda Rússa sem þar búa (um 40% af íbúum Tatarstan). Tatarar skrifuðu loks í febrúar 1994 undir samkomulag sem veitti þeim nokkuð mikla sjálfstjórn en þó ekki sjálfstæði. Tsjetsjenía aftur á móti er efnahagslega ekki sérlega mikilvæg í augum Rússa. Landið er ekki ríkt af auðæfum og minnihluti Rússa á svæðinu er ekki nálægt því eins stór og t.d. í Tatarstan þó að nokkuð hafi borið á því að farið væri illa með þá og þeir hraktir á flótta. Á móti kemur að mikilvægar

olíuleiðslur liggja um landið, og Tsjetsjenía er jafnframt útvörður Rússlands á suðurlandamærunum við Kákasusfjallgarðinn. Rússar óttuðust að eftirgjöf á einum stað gæti haft dómínóáhrif á öðrum svæðum innan landsins og þannig leitt til hruns Rússlands. Tsjetsjenum var boðið svipuð lausn og Tatörum en þeir neituðu og kröfðust sjálfstæðis. Svo virðist sem ekki hafi verið lögð eins mikil vinna í það af hálfu Rússa að ná samkomulagi við Dudajev um framtíð Tsjetsjeníu eins og gert var í Tatarstan. Líklega var þetta meðvituð stefna í Moskvu. Jeltsín og hans mönnum þótti Dudajev ósveigjanlegur og stjórn hans misheppnuð þannig að þeir töldu hann í raun ótrúverðugan sammingsaðila, auk þess sem efasemdir voru um að hann hefði umboð allra Tsjetsjena. Staðreyndin er sú Dudajev hafði engan veginn tekist að koma á trúverðugu stofnanakerfi í Tsjetsjeníu, en hann fékk reyndar ekki til þess sömu hjálp og forsetar margra annarra sambandseininga og sóttist ekki sérstaklega eftir því. Þetta leiddi m.a. til versnandi efnahags, gíslatöku í nágrannahéruðunum og mannrána í gróðaskyni. Tsjetsjenskt samfélag byggir á aldagömlu ættbálkaskipulagi (Teip) sem gerði Dudajev einnig erfitt fyrir. Þetta skipulag byggir á hefðum eins og blóðhefnd og hollusta einstaklinga við ættbálkaskipulagið er mikil. Dudajev stóð einnig fast á kröfunni um sjálfstæði sem var ekki í boði af hálfu rússneskra stjórnvalda sem ekki vildu heyra á slíkt minnst að ótta við að Rússlandi liðaðist í sundur. Því er hægt að fullyrða að leiðtogar bæði í Rússlandi og Tsjetsjeníu hafi þannig með afstöðu sinni og skorti á sammingsvilja haft afgerandi áhrif á það að ekki voru ræddar raunhæfar lausnir eða málamiðlun sem hefði getað komið í veg fyrir þau átök er síðar urðu.

Fyrri stríðið

Rússar mátu stöðuna þannig að beiting hervalds væri nauðsynleg. Við suðurlandamæri þeirra var kaótískt, misheppnað ríki, öruggt skjól fyrir skipulagða glæpastarfsemi og ógnun við rússneska stjórn í nágrannahéruðum. Ráðist var til atlögu í desember 1994. Strax í upphafi styrjaldarinnar mættu Rússar mikilli mótspyrnu, bardagarnir voru harðir og mannfall mikið. Mjög harðir bardagar urðu t.d. í nágrenni höfuðborgarinnar Grosní í ársbyrjun 1995 og var borgin í reynd sprengd aftur á steinaldarstig áður en Rússar náðu henni tímabundið á sitt vald. Rússar náðu aldrei allri Tsjetsjeníu á sitt vald. Sérstaklega reyndist þeim erfitt að ná fjallahéruðunum í suðri. Í apríl 1996 var Dudajev ráðinn af dögum af Rússum og Jandarbíjev varaforseti tók við. Stjórnvöld í Moskvu töldu að betra yrði að eiga við hann en Dudajev og að það gæti hjálpað til við að binda enda á

stýrjöldina. En innanríkismál í Rússlandi höfðu einnig mikil áhrif á það að stýrjöldinni lauk en forsetakosningar stóðu þar fyrir dyrum. Jeltsín, sem lagði allt í sölurnar til þess að vinna kosningarnar, var orðið ljóst að einungis með miklum mannafla og mannfalli væri mögulegt að halda úti stríðinu. Óvíst væri þó um árangur. Sá kostur var engan veginn ásættanlegur fyrir rússnesku þjóðina sem var farin að efast um aðgerðirnar þrátt fyrir mikinn stuðning við þær í upphafi. Haustið 1996 gera Rússar og Tsjetsjenar loks með sér friðarsamkomulag sem meðal annars fól í sér að Rússar drægju herlið sitt út úr Tsjetsjeníu og viðurkenndu fulla sjálfsstjórn þeirra í eigin málum. Jafnframt var ákveðið að bíða í 5 ár með að taka á spurningunni um formlegt sjálfstæði.

Stund milli stríða

Segja má að eðli átakanna hafi breyst á meðan á þeim stóð. Hópur íslamskra skæruliða, svokallaðir Mujahedin (heilagir bardagamenn), kom til að aðstoða Tsjetsjena í stríðinu 1994-1996. Þessir bardagamenn aðhylltust wahhabi-útgáfu af íslam sem m.a. er iðkuð í Sádi-Arabíu og kallar á gjörbreytt þjóðskipulag sem grundvallast á ströngum, íslömskum lögum (Sharia). Markmið stríðsæsingamanna úr röðum wahhabi-sinna sem komu til Tsjetsjeníu að berjast var stofnun þannar íslamsks ríkis á grunni Shari-laganna um alla Mið-Asíu. Með innkomu þeirra breyttist eðli átakanna frá því að vera nær eingöngu þjóðernisleg barátta fyrir sjálfstæði Tsjetsjeníu frá Rússum yfir í að verða í aðra röndina trúarbragðastríð með stærri skírskotun í hugum sumra bardagamanna heldur en bara frelsisstríð Tsjetsjeníu. Þessi eðlisbreyting hefur leitt til þess að ítrekað hefur verið reynt að láta átökin smitast út til annarra sambandseininga Rússlands í nágrenni Tsjetsjeníu. Þessi breyting á eðli átakanna og innbyrðisátök milli Tsjetsjena sem fylgdu í kjölfarið gerðu það mjög erfitt fyrir leiðtoga Tsjetsjeníu að móta samfélagið í átt til framtíðar í kjölfar friðarsamkomulagsins. Í forsetakosningum í Tsjetsjeníu 1997 vann maður að nafni Aslan Maskadov sigur og stefndi hann að því að ná Tsjetsjenum saman og þróa samfélagið áfram til framfara og bauð fjölbreyttum hópi manna sæti í stjórn sinni. En skæruliðaforingi að nafni Basajev og hans menn fjarlægðust þó Maskadov smám saman. Þeir vildu ganga lengra í að koma á íslömsku ríki og reka Rússa frá Norður-Kákasus. Rússar töldu sig í upphafi geta samið við Maskadov og vonuðu að undir forystu hans myndi Tsjetsjenía þróa í átt að hálf sjálfstæðu, rússnesku ríki, sem aftur gæti fyrirbyggt árásir á rússnesk héruð í grenndinni og þannig verndað hagsmuni Rússa á svæðinu. Um mitt ár 1998 fer þó að halla undan fæti hjá Maskadov og vegna mikillar óaldar og

hálfgerðrar borgarastyrjaldar lýsir hann yfir neyðarástandi í Tsjetsjeníu. Basajev og hans menn snérist þá alfarið gegn honum og hófu að berjast fyrir upptöku Sharia-laganna sem réttarkerfi fyrir Tsjetsjeníu. Í upphafi árs 1999 lýsir Maskadov því yfir að þau muni taka gildi á þremur árum. Skæruliðum í fjallahéruðunum finnst hlutirnir ekki ganga nægjanlega hratt fyrir sig og tilkynna þá þegar stofnun nýs ríkis Tsjetsjeníu sem byggi á Sharia-lögunum og skora á Maskadov að segja af sér. Ástandið í Tsjetsjeníu er á þessum tímamarki orðið mjög eldfimt og Maskadov virðist búinn að missa tökin, ef hann þá hafði þau einhvern tímann.

Miklar vonir voru í upphafi bundnar við Maskadov en hans beið erfitt verkefni og hann fékk litla hjálp. Hann hafði ekki yfir að ráða ríkisher, heldur var Tsjetsjeníu í raun stjórnað af nokkrum staðbundnum stríðsherrum sem aftóku með öllu að afhenda vopn sín. Styrjöldin hafði eyðilagt nær alla innviði Tsjetsjeníu, atvinnuleysi var gríðarlegt, glæpatíðin há og wahhabi-ismi fór vaxandi. Hluti orsakanna liggur einnig hjá stjórnvöldum í Moskvu. Í friðarsamningunum 1996 var ekki tekið á spurningunni um fullt sjálfstæði og jafnframt stóðu þau ekki við samninga um aðstoð við enduruppbyggingu og fjárstuðning. Árið 1996 hefði hugsanlega verið auðveldara fyrir Rússa að veita Tsjetsjenjum sjálfstæði en það var upp úr 1991 þegar leit út fyrir að önnur ríki eins og Tatarstan myndu segja skilið við Rússland. Árið 1996 var ljóst að utan Tsjetsjeníu var róttæk þjóðernishyggja í rússnesku sambandseiningunum lítil og þær höfðu allar skrifað undir samninga um mismunandi stöðu innan Rússlands. Rússneskur almenningur var einnig kominn með nóg af átökunum og því var hægt að skoða sjálfstæði sem raunhæfan valkost. Hin leiðin hefði verið sú að vinna náið með Maskadov við að byggja upp landið, t.d. með hjálp erlendis frá í ljósi bágs efnahags í Rússlandi. Þannig hefði mátt beina tsjetsjenskum stjórnsmálum frá þjóðernishyggju og bókstafstrú (wahhabi-isma) að brýnum vandamálum eins og atvinnu og uppbyggingu. Í kjölfarið hefði kannski verið mögulegt að ná samningum um framtíð Tsjetsjeníu sem báðir aðilar hefðu getað sætt sig við. Sú þróun, eða skortur á þróun, sem varð í Tsjetsjeníu á árunum 1996-1999 olli því aftur á móti að mannrán og hryðjuverk jukust og Moskvustjórnin styrktist í trú sinni að hervald væri það sem þyrfti til þess að ná tökum á ástandinu. Maskadov tókst þannig ekki, þrátt fyrir óánægju almennings í Tsjetsjeníu með glæpaölduna, að safna liði til stuðnings við sig og byggja upp samfélagið. Þetta endurómar getuleysi Dudajevs á árunum 1991 til 1994.

Átök hefjast að nýju

Í ágúst 1999 réðust róttækir skæruliðahópar Tsjetsjenu undir forystu Basajevs tvívegis inn í nágrennaríkið Dagestan með það að markmiði að reka Rússa þaðan og sameina landið Tsjetsjeníu í íslamskt ríki. Rússneskur her í samvinnu við staðbundin stjórnvöld og íbúa í Dagestan hrakti þá til baka á nokkrum dögum og fylgdi því eftir með loftárásum í Suðaustur-Tsjetsjeníu. Þessar loftárásir vöktu hörð viðbrögð stjórnar Maskadovs sem jafnframt hafði mótmælt árás skæruliða inn í Dagestan. Á svipuðum tíma urðu mannskæð sprengjutilræði í Moskvu og víðar í Rússlandi sem Tsjetsjenum var kennt um að hafa staðið fyrir. Þessi sprengjutilræði voru helsta ástæða þess að almenningur í Rússlandi snérist á band með Pútín um að heyja nýtt stríð í Tsjetsjeníu. Getgátur eru þó uppi um að Pútín, sem þá var orðinn forsætisráðherra, hafi verið að undirbúa aðgerðir í Tsjetsjeníu um nokkurn tíma – áður en sprengingarnar áttu sér stað – til þess að kveða niður óöldina sem þar geisaði og stofnaði að hans mati Rússlandi í hættu. Í lok september 1999 hefja Rússar síðan loftárásir á Tsjetsjeníu og hætta að viðurkenna Maskadov sem forseta. Aðgerðina kölluðu þeir „gagnhryðjuverkaaðgerðina“ með skírskotun til þess sem á undan hafði gengið. Maskadov og Basajev snúa bökum saman í kjölfarið og hófu að berjast saman gegn áhrifum Moskvustjórnarinnar í Tsjetsjeníu þótt líklega hafi þeir ekki beitt sömu meðulum þar sem Maskadov var hófsamari en Basajev og fordæmdi ávallt morð á saklausum borgurum. Rússar ná í byrjun árs 2000 yfirráðum í norðurhluta Tsjetsjeníu og fyrirskipar Pútín að ríkinu skuli stjórnað beint frá Moskvu og skipar Tsjetsjenann Akhmed Kadyrov yfirmann stjórnarinnar þar.

Þróun mála 2001 – 2005

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa Rússar bent á að baráttu þeirra við skæruliða í Tsjetsjeníu sé af svipuðum toga og stríð Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum. Þeir hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka lögmæti leiðtoga skæruliða í Suður-Tsjetsjeníu og byggt undir nýja tsjetsjenska stjórnarherra í Grosní sem þeir telja viðurðanlegri. Akhmed Kadyrov var þannig kjörinn forseti Tsjetsjeníu í byrjun árs 2003 og jafnframt var samþykkt ný stjórnarskrá sem færir Tsjetsjeníu nokkuð sjálfsforræði í sínum málum en tekur af allan vafa um það að Tsjetsjenía er áfram hluti af Rússlandi. Skæruliðar í suðurhluta landsins viðurkenna þó hvorki stjórnarskrána né Moskvuholla stjórnina í Grosní og hafa heitið að ráða af dögum núverandi forseta Tsjetsjeníu, Alu Alkhanov, líkt og þeir myrtu Kadyrov í maí 2004.

Kosning Alkhanovs, líkt og kosning Kadyrovs áður, getur vart talist hafa verið frjáls og heiðarleg þar sem stjórnvöldum í Moskvu hefur verið mikið í mun að fá „trausta“ Tsjetsjenu til þess að stjórna héraðinu en afskrifað aðra sem hryðjuverkamenn. Þrátt fyrir það virðist sem nokkuð stór hluti Tsjetsjenu, sérstaklega í norðurhéraðunum, vilji láta reyna á stjórnarskrána frá 2003 og viðurkenna þannig, í bili að minnsta kosti, að Tsjetsjenía sé hluti af Rússlandi. Á meðan þessu hefur farið fram hafa skæruliðar í Suður-Tsjetsjeníu haldið áfram að beita hryðjuverkum og gíslatökum bæði innan Tsjetsjeníu og annars staðar í Rússlandi til þess að halda á lofti kröfum sínum um sjálfstæði. Í febrúar 2005 lýsti þó Aslan Maskadov – sem skæruliðar töldu réttkjörinn forseta Tsjetsjeníu, þótt margir þeirra hafi ekki farið eftir þeirri stefnu sem hann markaði um að vernda óbreytta borgara – því yfir að koma ætti á vopnahléi milli skæruliða og Rússa og hefja friðarviðræður. Af því varð ekki með tilvísan til þess að Rússar semja ekki við hryðjuverkamenn. En Rússar kölluðu Maskadov hryðjuverkamann og settu fé honum og Basajev til höfuðs vegna gíslatöku í barnaskóla í Beslan í Norður-Ossetíu, nágrennaríki Tsjetsjeníu, árið 2004 þar sem fjöldi barna lét lífið áður en yfir lauk. Þátttaka hans í ódæðinu í Beslan hefur þó ekki verið sönnuð og fordæmdi Maskadov opinberlega þessa aðgerð sem hann var sakaður um að eiga þátt í og óskaði þess að Basajev yrði færður fyrir dómstóla. Í stað friðarviðræðna myrtu Rússar Maskadov í mars 2005 og álíta morðið stórt skref í áttina að því að ná tökum á ástandinu á svæðinu og yfirhöndum í baráttunni við skæruliða. Með Maskadov er líklega genginn sá aðili skæruliða sem mest lögmæti hefur haft í augum Rússa og utanaðkomandi aðila sem fylgst hafa með átökunum. Líklegt er að rússnesk stjórnvöld voni að morðið á honum muni í framhaldinu auðvelda þeim að réttlæta hörku sína gegn skæruliðum og hryðjuverkamönnum í Tsjetsjeníu þar sem þeir leiðtogar uppreisnarmanna sem eftir eru hafa flestir verið tengdir við margvísleg ódæði og morð á saklausum borgurum. Þannig verði morðið stór þáttur í því að breyta eðli átakanna endanlega frá því að vera barátta lítillar þjóðar fyrir sjálfstæði yfir í rússnesk innanríkisátök stjórnvalda gegn öfga- og glæpamönnum. Sá sem tók við af Maskadov, Abdul-Khalim Saydullajev, hefur gefið í skyn að ekki verði haldið áfram á þeirri braut sem Maskadov markaði og hefur útilokað friðarviðræður.

Framtíðarhorfur

Sú eðlisbreyting sem varð á aðskilnaðarbaráttu Tsjetsjenu frá því að vera þjóðernisleg sjálfstæðisbarátta lítillar þjóðar yfir í að vera í aðra röndina hryðjuverkabarátta skæruliða

fyrir íslömsku ríki og krafa um brottrekstur Rússa af svæðinu hefur flækt málið gífurlega. Þrátt fyrir margvísleg mistök tsjetsjenskra leiðtoga, innbyrðis valdabaráttu og áhrif trúarbragða, hefða og ættbálkaskipulags er ljóst að Rússar eiga stóran þátt í því hvernig málin hafa þróast. Þeir hafa ekki nýtt tækifærin sem gefist hafa til þess að leysa málið friðsamlega og virðast lítið hafa lært af fyrra stríðinu utan það að vera betur undirbúnir hernaðar- og áróðurslega. Eftir 11. september 2001 hafa þeir undirstrikað að barátta þeirra gegn skæruliðum í Tsjetsjeníu sé barátta gegn hryðjuverkum – höfðu í raun talað um það fyrir daufum eyrum áður – og að ekki verði samið við hryðjuverkamenn. Þannig hafa þeir í nafni baráttunnar gegn hryðjuverkum verið sakaðir um margháttað mannréttindabrot gagnvart tsjetsjenskum borgurum. Tsjetsjenskir skæruliðar hafa einnig með gíslatökum sem enda hafa í blóðbaði og öðrum aðgerðum víðs vegar í Rússlandi myrt saklausa borgara.

Óvíst er hvaða áhrif það mun hafa á deiluna að Maskadov hafi verið myrtur. Þrátt fyrir að hann hafi opinberlega verið í liði með Basajev og öðrum skæruliðum gegn Moskvuhollri stjórn Tsjetsjeníu í Grosní hafði hann litla stjórn á þeim og fordæmi árásis á saklausa borgara. Líklega var hann sá maður sem Rússar hefðu mögulega getað samið við um frið í Tsjetsjeníu ef vilji hefði verið til þess, þó með fyrirvara um það hvernig honum hefði tekist að hafa hemil á þeim herskáustu úr röðum uppreisnarmanna. Með morðinu á Maskadov er ljóst að lögmæti skæruliða minnkar en jafnframt má setja spurningamerki við lögmæti þeirrar aðgerðar Rússa að myrða þá sem mögulega væri hægt að semja um frið við. Þrátt fyrir morðið á Maskadov minna bardagasveitir manna eins og Basajevs ennþá á sig með hryðjuverkum eins og árásis á stjórnarbyggingar í kákasuslýðveldinu Kabardínó-Balkaríu í október 2005 bera glöggvitni um. Ólíklegt er að Basajev eða eftirmaður Maskadovs, Saydullajev, sem gefið hefur út að friðarumleitani séu ekki á döfinni geti komið á einhverju samkomulagi milli tsjetsjenskra skæruliða og Rússa um að enda vargöldina án frekari blóðsúthellinga. Viljann til þess að enda átökin friðsamlega úr því sem komið er virðist algjörlega skorta af beggja hálfu og þegar þannig stendur á er ekki hægt að gera sér miklar vonir um framtíðina. Ólíklegt er einnig að aðgerðir sem Pútín hefur boðað til þess að treysta völd Moskvu á kostnað leiðtoga í sambandseiningunum Rússlands leysi vanda Tsjetsjeníu, þar sem krafan þar frá upphafi hefur verið að fá að fá meira sjálfræði.

Á meðan staðan er í hnút er ljóst að þeir sem koma til með að þjást mest eru almennir borgarar í Tsjetsjeníu og Rússlandi. Með markvissari aðkomu Rússa í upphafi og eftir

fyrri styrjöldina, auknum sammingsvilja málsaðila, hjálp alþjóðasamfélagsins og hæfari leiðtogum bæði í Moskvu og Tsjetsjeníu hefði mögulega mátt leysa vandann án þeirra hörmunga sem orðið hafa. Í staðinn lítur nú út fyrir að um sé að ræða óleysanlegt vandmál sem ólíklegt er að muni hverfa á næstu árum nema stórvægilegar breytingar verði á herfræði og hugarfari deiluaðila.

Helstu heimildir:

Evangelista, Matthew. *The Chechen Wars: Will Russia Go the Way of the Soviet Union* (2002).

Fréttavefur BBC.

Fuller, Graham E. og Rajan Menon. „Russia’s Ruinous Chechen War“ í *Foreign Affairs*, mars/apríl 2000.

Lieven, Anatol. *Chechnya. Tombstone of Russian Power* (1998).

Lieven, Anatol. „Nightmare in the Caucasus“ í *The Washington Quarterly*, vetur 2000.

Tishkov, Valerii. *Chechnya: Life in a War-Torn Society* (2004).